

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 06/2023.

HRFÍ

gegn

XXX

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 05. desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða XXX hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 16. maí 2022 kom í ljós að papillon tíkin AA var ekki með gilt PL vottorð fyrir pörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er XXX

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram :

CONTINENTAL TOY SPANIEL (PAPILLON/PHALÉNE) Skráning afbrigða í ættbóki: P (Papillon) ef eyru eru upprétt, PH (Phaléne) ef eyru falla fram. Para má saman papillon/phalene. Hvolpa skal skrá þannig: Papillon undan tveimur papillon foreldrum, phaléne undan tveimur phalene foreldrum. Hvolpar úr papillon/phaléne pörun skulu skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við ættbókarskráningu. Varðandi umskráningu á papillon/phalene, phalene/papillon, sjá sýningareglur. Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeiljavottorð. DNA prófa skal undaneldisdýr fyrir PRA 1. Lámarsaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 31.janúar 2023 og henni gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærða svaraði ekki efnislega. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað papillon tíkina AA án þess að hafa PL vottorð.

III. Forsendur


Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða


Kærða telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða hlýtur áminningu.


f.h. siðanefndar



Arnheiður Runólfsson



Sunna Birna Helgadóttir



Selma Olsen